

Breytingartillögur við hagræðingartillögur bæjarstjóra:

1. Lækka laun bæjarstjóra um 10%, áætlaður sparnaður á ársgrundvelli 3.000.000 kr.
2. Endurskoða upphæð akstursgreiðslna bæjarstjóra, kostnaður á ársgrundvelli er nú um 2.100.000 kr.
3. Gera tillögu til stjórnar slökkviliðsins þess efnis að hætt verði að greiða fyrir stjórnarsetu í slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Áætlaður sparnaður fyrir Kópavogsbæ á ársgrundvelli um 3.000.000. kr.
4. Lækka álag fyrir formennsku í nefndum og ráðum sem og fyrir forseta bæjarstjórnar niður í 20% álag, áætlaður sparnaður á ársgrundvelli 4.000.000 kr.
5. Fresta byggingu stúku fyrir HK og endurskoða þarfagreiningu í nánu samstarfi við HK.
6. Kalla eftir hagræðingartillögum frá almenningi í tengslum við næstu fjárhagsáætlunargerð.

Rökstuðningur fyrir tillögum 1 - 4: Meginmarkmið þessara tillagna er að stuðla að ábyrgri stjórnsýslu og tryggja sanngjarna og hóflega þóknun til kjörinna fulltrúa, án þess að rýra þjónustu við bæjarbúa. Með því að lækka laun bæjarstjóra um 10%, endurskoða akstursgreiðslur og hætta að greiða fyrir stjórnarsetu í slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, er verið að leggja áherslu á ábyrgð og aðhald í rekstri sveitarfélagsins. Það er einnig sanngjarnt að endurskoða álag fyrir formennsku í nefndum og ráðum sem og fyrir forseta bæjarstjórnar, þannig að launin taki mið af raunverulegri vinnu og ábyrgð sem fylgir formennsku og forsetahlutverkum. Þessi breyting leiðir til aukins gagnsæis í launasetningu, sanngirni og jafnræðis, auk þess sem hún stuðlar að áþreifanlegum sparnaði fyrir sveitarfélagið.

Rökstuðningur fyrir tillögu nr. 5: Í ljósi þess að fyrirhuguð bygging stúku á félagssvæði HK hefur ekki verið unnin í fullnægjandi samráði við forsvarsmenn félagsins, teljum við nauðsynlegt að framkvæmdir verði betur undirbúnar og frestað þar til ítarleg endurskoðun á þarfagreiningu hefur farið fram í samráði við félagið. Félagið hefur sjálft bent á að hægt sé að útfæra framkvæmdina með mun hagkvæmari hætti þannig að betur sé komið til móts við raunverulegar þarfir félagsins og íbúa í efri byggðum Kópavogs. Með því að endurskoða verkefnið skapast möguleiki á að nýta fjármagn sveitarfélagsins betur til annarra verkefna sem hafa beina þýðingu fyrir daglegt líf bæjarbúa. Þetta kemur skýrt fram í erindi HK, þar sem óskað er eftir auknu samráði við félagið til að tryggja að framkvæmdin verði bæði skynsamleg og framtíðarsýn félagsins og bæjarfélagsins tekin til fulls til greina.

Rökstuðningur fyrir tillögu nr. 6: Að kalla eftir hagræðingartillögum frá almenningi í tengslum við fjárhagsáætlunargerð getur reynst mjög gagnlegt í því skyni að finna nýjar og áður óþekktar leiðir til að hagræða í rekstri bæjarins. Líkt og ríkið gerði nýlega í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, getur slíkt ferli stuðlað að auknu gagnsæi, trausti og þátttöku almennings í stefnumótun. Með því að nýta hugmyndir og tillögur frá fjölbreyttum hópi

bæjarbúa er hægt að auka líkurnar á því að komast að raunhæfum sparnaðarleiðum sem bæjarstjórn hefði annars ekki uppgötvað. Auk þess getur þetta skapað betra samband milli bæjaryfirvalda og bæjarbúa og ýtt undir tilfinningu fólks fyrir því að það hafi raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku.